

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis Kiðjabergs, lóð nr. 81.*  
Í breytingunni felst að byggingarreitur lóðar nr. 81 í landi Kiðjabergs stækkar.  
Samþykkt í sveitarstjórn 3. júlí 2013.
2. *Breyting á deiliskipulagi Reykjaness, garðyrkjubýlið Reykjalundur.*  
Skipulagssvæðið sem breytingin nær til er 8 ha og er gert ráð fyrir tveimur íbúðarhúsum, einu stöku gróðurhúsi og fjórum sambyggðum. Auk þess verður byggt við gamalt íbúðarhús sem fyrir er á svæðinu.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. mars 2013.
3. *Breyting á deiliskipulagi Kerhrauns, svæði C, lóðir 33 og 36.*  
Í breytingunni felst að lóðir nr. 33 og 36 í Kerhrauni verði sameinaðar í eina lóð, nr. 36 sem verður 11.420 m<sup>2</sup> eftir sameininguna.  
Samþykkt í sveitarstjórn 21. ágúst 2013.
4. *Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Kerhrauns, lóðir 47 og 52.*  
Í breytingunni felst að lóðir 47 og 52 við Hraunbrekku í landi Kerhrauns verða sameinaðar. Eftir sameininguna verður lóðin Hraunbrekka 52, 10.214 m<sup>2</sup> að stærð.  
Samþykkt í sveitarstjórn 21. ágúst 2013.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 2. október 2013.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 18. október 2013